

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 12. febrúar 2020

Mál nr. E-7/2019:

Þb. Hafrúnar II ÍS-365 ehf.

(Ágúst Ólafsson lögmaður)

gegn

Kristjáni Sigurði Kristjánssyni

(Sigmundur Hannesson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. janúar sl., er höfðað 17. desember 2018.

Stefnandi er þrotabú Hafrúnar II ÍS-365 ehf., Síðumúla 27, Reykjavík.

Stefndi er Kristján Sigurður Kristjánsson, Kirkjuvegi 12, Reykjanesbæ.

Stefnandi krefst þess að rift verði greiðslum til stefnda 14. febrúar 2018 að fjárhæð 5.000.000 króna og 3.600.000 krónur og greiðslum til stefnda 15. febrúar 2018 að fjárhæð 5.000.000 króna og 3.000.000 króna, samtals 16.600.000 krónur.

Þá er þess krafist að stefndi greiði stefnanda 16.600.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 15. febrúar 2018 til greiðsludags. Loks er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar.

Upphafleg aðalkrafa stefnda var að málinu yrði vísað frá dómi. Leyst var úr þeirri kröfu með úrskurði dómsins 20. september 2019. Var frávísunarkröfu stefnda hafnað.

I

Bú Hafrúnar II ÍS-365 ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu Tollstjóra með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 12. apríl 2018. Sama dag var Guðmundur Benediktsson lögmaður skipaður skiptastjóri í búinu. Skiptabeiðnin var móttækin af héraðsdómi 23. febrúar 2018.

Dagana 14. og 15. febrúar 2018 voru teknar út af reikningi Hafrúnar II ÍS-365 ehf. í [...] númer [...] samtals 16.600.000 krónur með fjórum greiðslum; 5.000.000 króna og 3.600.000 krónur fyrrnefnda daginn og 5.000.000 króna og 3.000.000 króna síðarnefnda daginn. Er skráð við síðastnefndu tvær úttektirnar 15. febrúar 2018 að þær hafi verið í seðlum. Hvorki fundust reikningar í bókhaldi félagsins né aðrar skýringar á úttektum þessum.

Stefndi gaf skýrslu hjá skiptastjóra þrotabúsins 24. apríl og 23. maí 2018. Í skýrslu stefnda síðarnefnda daginn kvaðst hann ekkert vita um bókhald stefnanda eða nokkurn tíma hafa haft með það að gera. Þá gat stefndi ekki gefið skiptastjóra neinar skýringar á úttektum af bankareikningi félagsins, en í skýrslunni segir meðal annars að greiðslur lagðar inn á reikning félagsins, líklega um 25.000.000 króna, hefðu verið teknar út af reikningnum í kjölfarið. Kvaðst stefndi aðspurður af skiptastjóra ætla að gera grein fyrir þessu síðar, en það mun ekki hafa verið gert. Einnig kom fram hjá stefnda að rekstur félagsins hefði nánast enginn verið og honum hætt 2016.

Með bréfi skiptastjóra stefnanda til stefnda 25. júní 2018 var því lýst yfir að um gjöf væri að ræða til stefnda, sbr. 2. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Um skilyrði riftunar var vísað til 2. mgr. 134. gr. og 141. gr. sömu laga. Var skorað á stefnda að greiða 16.989.000 krónur inn á vörslureikning búsins innan 10 daga frá dagsetningu bréfsins, að öðrum kosti yrði höfðað riftunar- og innheimtumál fyrir dómi án fyrirvara.

II

Stefnandi kveður mál þetta að rekja til fjögurra greiðslna til stefnda, samtals að fjárhæð 16.600.000 krónur. Um sé að ræða úttektir stefnda dagana 14. og 15. febrúar 2018 af bankareikningi Hafrúnar II ÍS-356 ehf. númer [...] eins og hreyfingayfirlit beri með sér. Í skýrslu hjá skiptastjóra þrotabúsins hafi stefndi, sem var fyrirsvarsmáður félagsins, upplýst að hann myndi ekki eftir þessum greiðslum og geti því ekkert tjáð sig um þær.

Stefnandi kveðst byggja á því að um gjöf hafi verið að ræða sem sé riftanleg á grundvelli 131. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. þar sem gjöfin hafi verið afhent sex mánuðum fyrir frestdag sem hafi verið 23. febrúar 2018. Jafnframt sé byggt á 1. mgr. 142. gr. [sic] laga nr. 21/1991, en þar segi að krefjast megi riftunar ráðstafana sem á ótilhlýðilegan hátt eru kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, leiða til þess að eignir þrotamanns verða ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða leiða til

skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns, ef þrotamaður var ógjaldfær eða varð það vegna ráðstöfunarinnar og sá sem hafði hag af henni vissi eða mátti vita um ógjaldfærni þrotamanns og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin væri ótilhlýðileg.

Riftun þeirra greiðslna sem um ræði hafi verið lýst yfir af hálfu þrotabúsins og skorað á stefnda að viðurkenna riftunina og greiða kröfu stefnanda, en stefndi varð ekki við því.

Stefnandi vísar til XX. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., einkum 131. gr. og 1. mgr. 142. gr. laganna. Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, einkum 1. mgr. 6. gr. Krafa um málskostnað styðst við 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og krafa um virðisaukaskatt er reist á lögum nr. 50/1988.

III

Til stuðnings kröfu um sýknu af kröfum stefnanda kveðst stefndi benda á að í lok árs 2017 hafi forsvarsmenn Hafrúnar II ÍS-365 náð samkomulagi við S ehf. um kaup og sölu á bátnum G, skipaskrárnúmer [...]. Skyldi kaupverðið greitt með afsali á bátnum H, skipaskrárnúmer [...], sem hafi verið eign B ehf. í Reykjanesbæ. Fyrir viðskiptin hafi forsvarsmenn félagsins undirritað skuldaviðurkenningu þar sem fram komi að félögin hafi sammælt um að B ehf. afsali bátnum beint til S ehf. til að spara þinglýsingarkostnað og með undirritun sinni hafi Hafrún ÍS-365 ehf. gengist við að skulda B ehf. 15 milljónir fyrir bátinn sem skuli greiddar við fyrsta tækifæri og eigi síðar en 1. maí 2018.

Í greinargerð stefnda eru rakin viðskipti á milli félaganna B ehf. og S ehf. með báta á grundvelli samkomulags þar um. Einnig segir að Hafrún II ÍS-365 hafi selt A ehf. bátinn C, skipaskrárnúmer [...] með afsali 12. febrúar 2018, en báturinn hafi áður heitið G. Af gögnum málsins verði ráðið að Hafrún II ÍS-365 ehf. hafi aldrei átt fjármuni til þess að kaupa og selja fiskibáta. Einnig segir að S ehf. hafi selt Hafrúnu II ÍS-365 ehf. G með kaupsamningi og afsali 17. desember 2017 fyrir 10.000.000 króna. B ehf. hafi standsett G fyrir 9.000.000 króna sem hafi leitt til þess að Hafrún II ÍS-365 ehf. hafi getað selt C (áður G) fyrir 25.000.000 króna sem hafi í raun gengið til uppgjörs á skuldum Hafrúnar II ÍS-365 ehf. við B ehf., annars vegar skuldar að fjárhæð 15.000.000 króna vegna H samkvæmt fyrrgreindri skuldaviðurkenningu og hins vegna rúmlega 9.000.000 króna vegna standsetningar bátsins. Viðskipti þau sem lýst hafi verið séu í raun umsýsluviðskipti.

Fram komi hjá stefnda í skýrslu hans hjá skiptastjóra að rekstur Hafrúnar II ÍS-365 ehf. hafi nánast enginn verið og ekkert bókhald hafi verið fært þann tíma sem stefndi hafi átt félagið. Fáí ummæli stefnda um lítinn rekstur stoð í framlögðu yfirliti bankareiknings félagsins. Vanhöld á færslu bókhalds sé alvarlegur hlutur og hafi meðal annars leitt til þess að opinber gjöld sem lýst hafi verið í þrotabúið séu byggð á áætlunum. Þá vísar stefndi til þess að hann byggi ekki á því í málinu að um gjöf sé að ræða til hans og því komi 131. gr. laga nr. 21/1991 ekki til frekari álita við úrlausn málsins. Hvað varði skírskotun stefnanda til 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991 þá gæti ónákvæmni. Tilvísun stefnanda er nær orðrétt efni 141. gr. laganna, það er samkvæmt hinni almennu riftunarreglu, án þess að greinarinnar sé getið sérstaklega, þar á meðal ekki í lagatilvísunum stefnanda. Um beitingu 141. gr. þurfi að gæta þess að um sé að ræða huglæga riftunarreglu þar sem grandsemi þess sem hag hefur af ráðstöfun sé skilyrði. Skilyrði sé um að ráðstöfun sé með ákveðnum hætti ótilhlýðileg, það er að ráðstöfun hafi verið kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, eða leiði til þess að eignir þrotamanns voru ekki til fullnustu kröfuhöfum eða leiði til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns. Þá sé það skilyrði að skuldarinn hafi verið ógjaldfær eða orðið það vegna ráðstöfunarinnar.

Loks sé það skilyrði að sá sem hag hafði af ráðstöfuninni hafi vitað eða mátt vita um ógjaldfærina og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin var ótilhlýðileg. Áréttað sé að stefnandi beri sönnunarbyrðina fyrir því að skuldarinn hafi verið ógjaldfær þegar ráðstöfunin hafi farið fram eða orðið það vegna hennar. Jafnframt hvíli á stefnanda sönnunarbyrði um grandsemi þess sem hafi notið ráðstöfunarinnar. Hafi stefnandi ekki axlað þá sönnunarbyrði sem á honum hvíli.

Af hálfu stefnda sé byggt á því að skilyrði riftunar séu ekki uppfyllt og því beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Verði ekki fallist á það sé vísað til þess að lækka beri kröfur stefnanda meðal annars með hliðsjón af því að samkvæmt kröfuskrá sé Tollstjóri einn kröfuhafa með tvær kröfulýsingar samtals að fjárhæð 5.442.907 krónur. Ekki sé tekin afstaða til lýstra krafna þar sem búið sé talið eignalaust. Séu lýstar kröfur byggðar á áætlunum. Á því sé byggt af hálfu stefnda að verði fallist á kröfur stefnanda og greiðsluskyldu stefnda þá beri að lækka þær verulega og takmarkist þær við raunverulegt fjártjón sem ríkið verði fyrir.

Hvað lagarök varðar vísar stefndi til XX. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., einkum 141. gr. Þá er vísað til meginreglna samninga- og kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga og skuldbindingargildi loforða. Vísað er til

ákvæða laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga, einkum 36. gr. Jafnframt er vísað til meginreglna skaðabótaréttarins eftir því sem við getur átt og um málskostnað til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

IV

Í máli þessu er deilt um það hvort heimilt sé að rifta greiðslu Hafrúnar II ÍS-365 ehf., sem nú er gjaldþrota, að fjárhæð 16.600.000 krónur til stefnda í fjórum greiðslum, 5.000.000 króna, 3.600.000 krónur, 5.000.000 króna og 3.000.000 króna sem teknar voru út af reikningi félagsins dagana 14. og 15. febrúar 2018 eða rúmri viku fyrir frest dag við gjaldþrotaskiptin, sem var 23. febrúar 2018. Stefndi var eigandi og stjórnarmaður Hafrúnar II ÍS-365 ehf.

Samkvæmt lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. er markmið riftunarreglna laganna að veita kröfuhöfum þrotabúsins jafnan rétt til greiðslna við úthlutum af eignum búsins. Því er það grundvallarregla við gjaldþrotaskipti að kröfuhafar búsins njóti jafnræðis við úthlutun að teknu tilliti til innbyrðis réttshæðar krafna á hendur þrotabúi. Þá er hlutverk riftunarreglna laga um gjaldþrotaskipti o.fl. að tryggja að markmiði laganna um jafnræði kröfuhafa við úthlutun á eignum bús verði náð en einnig að draga fleiri eignir undir skiptin. Í því skyni er heimilt að rifta ráðstöfunum þrotamanns sem hafa farið fram á tilteknu tímabili fyrir frest dag. Reglur þar að lútandi eru í XX. kafla laganna.

Til þess að skilyrði riftunar verði talin vera fyrir hendi verður riftun að leiða til þess að möguleikar kröfuhafa til fullnustu á kröfum sínum af eignum bús aukist við endurgreiðslu vegna riftunar, það er hin riftanlega ráðstöfun þarf að hafa orðið búinu til tjóns. Getur það orðið með þeim hætti að verðmæti renni til búsins sem ekki voru þar við upphaf skipta.

Svo sem fram er komið voru teknar út af reikningi þrotamanns númer [...] samtals 16.600.000 krónur dagana 14. og 15. febrúar 2018 með fjórum greiðslum, alls 8.600.000 krónur fyrri daginn og 8.000.000 króna síðarnefnda daginn. Þegar stefndi var fyrir dómi spurður um fyrrgreindar úttektir af reikningum félagsins kvaðst hann ekki muna hvernig í þessu hefði legið en staðfesti þó að hann hefði notað peningana í uppgjöri vegna viðskipta með bát. Félagið Hafrún II ÍS-365 ehf., sem hefði verið í hans eigu, hefði ekki verið í rekstri en annast umsýslu fyrir B ehf. Nánar aðspurður staðfesti stefndi að hann hefði komið að þessum úttektum af reikningi þrotamanns og sett peningana í viðgerð á bát sem B ehf. hefði keypt. Þá staðfesti stefndi aðspurður að hafa séð um daglegan rekstur Hafrúnar II ÍS-365 ehf. Meðal málsgagna er skuldaviðurkenning dagsett 8. desember

2017 sem stefndi undirritaði fyrir hönd Hafrúnar II ÍS-365 ehf. og einnig fyrir B ehf. ásamt D. Þar segir meðal annars að Hafrún II ÍS-365 ehf. viðurkenni að skulda B ehf. 15.000.000 króna fyrir bátinn G sem skyldu greiddar eigi síðar en 1. maí 2018.

Samkvæmt því sem nú er fram komið og gögnum málsins er við það miðað að stefndi, sem var eigandi félagsins og annaðist daglegan rekstur þess, hafi tekið út af bankareikningi félagsins þá fjármuni sem krafist er riftunar á. Á hinn bóginn er ekki upplýst hvort og þá með hvaða hætti stefndi ráðstafaði þeim fjármunum. Er fullyrðing stefnda um að það hafi verið í þágu B ehf., annars félags í hans eigu, til greiðslu skuldar við félagið samkvæmt fyrrnefndri skuldaviðurkenningu, ekki studd neinum gögnum.

Ber að leysa úr því hvort greiðsla Hafrúnar II ÍS-365 ehf. sé riftanleg samkvæmt riftunarreglum laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Af hálfu stefnanda er meðal annars byggt á því að ráðstöfunin sé riftanlega samkvæmt 131. gr. laganna, enda sé um gjöf að ræða. Til þess að ráðstöfun sé riftanleg á grundvelli greinarinnar verður skuldari að hafa viðhaft ráðstöfun í þeim tilgangi að gefa. Er það háð huglægu mati sem tengist mati á því hvort fyrrnefnd hlutlæg skilyrði séu uppfyllt. Að mati dómsins verður að telja í ljós leitt að umdeild ráðstöfun rýrði eignir þrotamanns og að stefndi hafi notið góðs af þeim en á hinn bóginn þykir ekki í ljós leitt að gjafatilgangur hafi búið að baki ráðstöfuninni eins og atvikum málsins er háttað. Verður það mat dómsins að ekki sé uppfyllt það megin skilyrði fyrir beitingu 131. gr. laganna að um gjafatilgang hafi verið að ræða með þeirri ráðstöfun sem um er deilt í málinu. Er ekkert það fram komið sem rennir stoðum undir það tilgangur umdeildrar ráðstöfunar hafi verið að gefa. Verður krafa stefnanda um riftun því ekki reist á 131. gr. laga nr. 21/1991.

Af hálfu stefnanda er einnig byggt á því að heimilt sé að krefjast riftunar ráðstafana sem á ótilhlýðilegan hátt eru kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, leiða til þess að eignir þrotamannsins verða ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða leiða til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns. Er hér um að ræða heimild samkvæmt 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Í stefnu málsins er í þessu sambandi vísað til 1. mgr. 142. gr. laganna, en í kafla stefnunnar um lagarök er bæði vísað til XX. kafla laganna og enn fremur sérstaklega til 131. og 1. mgr. 142. gr. laganna. Í greinargerð stefnda segir meðal annars að í tilvísun stefnanda til 1. mgr. 142. gr. felist ónákvæmni, enda sé tilvísunin orðrétt úr 141. gr. laganna. Beinir stefndi vörnum sínum að þeirri lagagrein og teflir fram sjónarmiðum að baki sýknukröfu sinni til samræmis við það.

Kemur þá til skoðunar hvort uppfyllt eru skilyrði 141. gr. laganna til að taka megi kröfu stefnanda um riftun til greina. Stefndi var móttakandi þeirra fjármuna sem um ræðir. Hann kvaðst fyrir dómi hafa annast daglegan rekstur Hafrúnar II ÍS-365 ehf. Að mati dómsins telst nægilega í ljós leitt að umþrætt ráðstöfun fjármuna þrotamanns, sem teknir voru út af bankareikningi þrotamanns um viku fyrir frestdag, leiddi til þess að eignir þrotamanns voru ekki til reiðu til fullnustu kröfuhafa búsins. Í úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 12. apríl 2018 kemur fram að krafa um gjaldþrotaskipti á búi Hafrúnar II ÍS-365 ehf. hafi verið löglega birt fyrir skuldara. Skuldari sótti ekki þing þegar krafa skiptabeiðanda var tekin fyrir á dómþingi 5. apríl 2018. Bar því samkvæmt 2. mgr. 70. gr. laga nr. 21/1991 að túlka það þannig að skuldari viðurkenndi fullyrðingu skiptabeiðanda um að hann stæði í skuld við skiptabeiðanda sem hann væri ófær um að standa í skilum með. Var þannig fullnægt skilyrðum til þess að taka búið til gjaldþrotaskipta. Stefndi var stjórnarmaður og eigandi Hafrúnar II ÍS-365 ehf. Hafði hann hag af ráðstöfuninni og var eða mátti stöðu sinnar vegna vita um ógjaldfærni þrotamanns og þau atvik sem leiddu til þess að ráðstöfunin var ótilhlýðileg. Eru þannig uppfyllt skilyrði 141. gr. til að taka megi kröfu stefnanda um riftun ráðstafana til greina.

Samkvæmt því sem að framan greinir er það niðurstaða dómsins að greiðslur til stefnda, samtals að fjárhæð 16.600.000 króna, sem teknar voru út af reikningi þrotamanns númer [...]dagana 14. og 15. febrúar 2018, séu riftanlegar á grundvelli heimildar í 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Þá verður fallist á það með stefnanda að stefnda beri að greiða stefnanda bætur samkvæmt 3. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991. Er nægilega í ljós leitt að stefndi hafi haft hag af riftanlegri ráðstöfun sem nemur 16.600.000 króna sem svarar til tjóns stefnanda vegna greiðslnanna, enda eru þessir fjármunir ekki til reiðu í búinu til fullnustu lýstum kröfum.

Í samræmi við niðurstöðu málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 800.000 krónur.

Jón Höskuldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Rift er greiðslum Hafrúnar II ÍS-365 ehf. til stefnda, Kristjáns Sigurðar Kristjánssonar, 14. febrúar 2018 að fjárhæð 5.000.000 króna og 3.600.000 krónur og greiðslum til stefnda 15. febrúar 2018 að fjárhæð 5.000.000 króna og 3.000.000 króna, samtals 16.600.000 krónur.

Stefndi greiði stefnanda, þrotabúi Hafrúnar II ÍS-365 ehf., 16.600.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 15. febrúar 2018 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 800.000 krónur í málskostnað.

Jón Höskuldsson